

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Amfetamin (Amfetamin Glostrup® - lyf á undanþágu)

ATC flokkur: N06BA01 – amfetamín

Dagsetning: 1. september 2024

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.
eða
- Dúraveiki og dáslekja (narcolepsy and cataplexy) **ICD-10 G47.4**. Umsókn um lyfjaskírteini fyrir einstaklinga með narcolepsy skal gerð af sérfræðingi í taugalækningum.
og
- Meðferð með öðrum lyfjum sem eru á markaði á Íslandi með ofangreindar ábendingar hefur reynst ófullnægjandi eða er ekki valkostur vegna frábendinga og/eða aukaverkana.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis (<https://island.is/cliniskar-leidbeiningar>) af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD.

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga.

Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, rannsóknir, greiningartæki, hvernig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Ef meira en 5 ár eru liðin frá því meðferð með örvandi ADHD lyfi var hætt þarf geðlæknir að sækja um endurnýjun lyfjaskírteini. Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum.

Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf, þarf sérstök rök fyrir þeirri notkun. Rökstyðja þarf ef hefja á meðferð með amfetamíni fyrir einstakling sem hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis í ofangreindum tilfellum getur lyfjadeild Sí óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Gildistími:

ADHD: 2 ár Narcolepsy: 3 ár